

11 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Ræktunarsjóð Búnaðar-
16. mars aðarfjelags Garða- og Bessastaðahrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. mars 1925. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Ræktunarsjóð Búnaðarfjelags Garða- og Bessastaðahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Ræktunarsjóður Garða- og Bessastaðahrepps.“

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 27. febrúar 1924 af Búnaðarfjelagi Garða- og Bessastaðahrepps, með kr. 3300.00 — þrjú þúsund og þrjú hundruð krónum — og skulu vextirnir af því fje jafnan leggjast við höfuðstólinn, þar til hann nemur kr. 15000.00 — fimtán þúsund krónum —. Úr því má verja hálfum vöxtum árlega til verðlauna og styrktar bændum, sem eru í Búnaðarfjelagi Garða- og Bessastaðahrepps, til búnaðarframkvæmda. Þegar höfuðstóll sjóðsins nemur kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum —, eða meira má verja alt að þrem fjórðu ársvöxtum árlega í þessum tilgangi, en afgangurinn legst við höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er auk þess að veita mönnum, sem eru í Búnaðarfjelagi Garða- og Bessastaðahrepps, lán til jarðræktar eða annara framfara í búnaði, svo sem áburðarkaupa og með 1% — eitt prócent — lægri vöxtum en útlánsvextir bankanna í Reykjavík eru á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins ákveður til hve langs tíma lánin skuli veita og á hvern endurgreiðslu lánanna skuli fyrirkomið. Verði ágreiningur um lánveitingar ber að taka tillit til þess að sjóðurinn er stofnaður að $\frac{3}{5}$ af Garðahreppi og $\frac{2}{5}$ af Bessastaðahreppi. Ekkert einstakt lán má fara fram úr $\frac{1}{5}$ hluta sjóðsins.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að geta fengið lán úr sjóðnum, eru meðal annars þau, að lánbeiðandi hafi ábyrgð hreppsnefndar eða einstakra manna, sem stjórn sjóðsins telur full örugga. Umsóknir um lán úr sjóðnum skulu vera komnar til stjórnar sjóðsins fyrir aðalfund Búnaðarfjelags Garða- og Bessastaðahrepps ár hvert. Stjórnendur sjóðsins hafa ekki atkvæðisrjett um lánveitingar til þeirra

sjálfra. Það af fje sjóðsins, sem ekki er í útlánunum, skal stjórnin ávaxta í banka eða sparisjóði.

11
16. mars

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa jafnan sömu menn og eru í stjórn Búnaðarfjelags Garða- og Bessastaðahrepps. Endurskoðendur reikninga sjóðsins skulu vera hinir sömu og kosnir eru til að endurskoða reikninga Búnaðarfjelagsins. Fari svo að Búnaðarfjlagið sje lagt niður, skipa hreppsnefndir Garða- og Bessastaðahrepps sjóðstjórnina eða þeir menn er kunna að koma í stað hreppsnefndanna, sje núverandi sveitarstjórnarfyriřkomulagi breytt. Endurskoðendur hreppsreikninga verða þá endurskoðendur reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðstjórnin skal leita konungsstaðfestingar á þessari skipulagsskrá.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta.

Jóh. J. Reykdal. Jón H. Þorbergsson. Bjarni Bjarnason.

SAMÞYKT

um

viðauka við áveitusamþykt frá 30. apríl 1918, fyrir Flóaáveitufjelagið.

12
16. mars

Flóaáveitufjelagið hefir samkvæmt lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, gert eftirfarandi samþykt:

1. gr.

Á eftir 18. gr. Flóaáveitusamþyktarinnar 30. apríl 1918 komi ný grein svo hljóðandi:

Áveitufjelagið brúar á sinn kostnað skurði áveitunnar, þar sem þeir liggja gegnum lögvegi og á öðrum þeim stöðum, þar sem framkvæmdarstjóri telur nauðsynlegt að brúa. Viðhald allra brúa annast hlutaðeigandi aðili.

2. gr.

Greinatala áveitusamþyktarinnar breytist samkvæmt þessu.

Samþykt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum og öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. mars 1925.

Magnús Guðmundsson.

Óddur Hermannsson.